



Reykjavíkurborg

Fjármála- og áhættustýringarsvið

Reykjavík, 21. júní 2020  
R20060198

Borgarráð

### ***Leikskólahúsnæði, kaup eða leiga***

Óskað er eftir heimild borgarráðs til að auglýsa eftir húsnæði til leigu eða kaups fyrir starfsemi leikskóla.

#### *Greinargerð:*

Skóla- og frístundarsvið hefur óskað eftir að eignasjóður auglýsi eftir húsnæði til leigu eða kaups til rekstur leikskóla með útisvæði, fullbúnu til notkunar en án lauss búnaðar. Gert verði ráð fyrir að hann verði staðsettur í hverfum 1-5, Vesturbæ að Reykjanesbraut. Húsrýmisþörf er áætluð á bilinu 800-1200 fermetrar. Leigutími verði 10-15 ár með mögulegri framlengingu.

Valkostur verði að bjóða húsnæði bæði til sölu og/eða leigu.

Heimilt verði að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Verði af leigu- eða kaupsamningi verður hann lagður fyrir borgarráð til samþykktar.

Óli Jón Hertervig